

Nd.

667. Nefndarálit

[268. mál]

um frv. til laga um Tæknistofnun Íslands.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ég er sammála meginefni og tilgangi þessa frumvarps í þeirri von, að öflug tæknistofnun verði íslenskum iðnaði stoð og stytta.

Eitt atriði í frumvarpinu veldur þó að ég get að svo komnu ekki stutt það. Fjallað er um tekjustofna tæknistofnunarinnar, og þar er gert ráð fyrir **jöfnunargjaldi**. Þetta gjald er ekki til í dag og frumvarp um það hefur ekki komið fram á Alþingi. Stjórnarandstæðingar hafa enga vitneskju um, hvers kyns þetta gjald verður, hve hátt það kann að verða né hvernig verja á því í heild.

Verður að átelja þau vinnubrögð að ætla Alþingi að samþykkja sem tekjustofn fyrir mikilvæga stofnun skatt, sem ekki er til og engar opinberar upplýsingar liggja fyrir um.

Alþingi, 22. apríl 1978.

Benedikt Gröndal.